

Sp.

286. Tillaga til þingsályktunar

[145. mál]

um vita við Ísafjarðardjúp.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hið fyrsta auka ljósmagn vitanna við Ísafjarðardjúp, þannig að þeir fullnægi betur þörfum sjósóknar og siglinga á þessum slóðum. Jafnframt verði sett upp ratsjá á Arnarnesi eða öðrum þeim stað, þar sem sérfróðir menn telja mest gagn að slíku öryggistæki.

Greinargerð.

Um það hafa hvað eftir annað borizt kvartanir frá sjómönnum í verstöðvunum við Ísafjarðardjúp, að landtökuvitarnir á Arnarnesi við Skutulsfjörð og Óshólum við Bolungavík hefðu allt of lítið ljósmagn, að þeim væri því engan veginn það öryggi, sem nauðsynlegt er. Fjöldi báta stundar fiskveiðar frá þessum verstöðvum, og mikil umferð er einnig af öðrum skipum á þessum slóðum. Til þess ber þess vegna brýna nauðsyn, að ljósmagn fyrrgreindra vita verði aukið verulega. Enn fremur er nauðsynlegt að auka ljósmagn vitans á Sléttu í Jökulfjörðum.

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja því til, að ríkisstjórninni verði falið að framkvæma þessa umbót, að sjálfsögðu með aðstoð og í samráði við vitamálastjórnina, sem þessi mál heyra öll undir. Enn fremur leggja flutningsmenn til, að sett verði upp ratsjá á Arnarnesi eða öðrum þeim stað við Ísafjarðardjúp, þar sem sérfræðingar teldu mest gagn að slíku öryggistæki. Mundi bæði fiskibátum og flugsamgöngum við Vestfirði verða að því mikið gagn. Aðeins örfáir fiskibátar hafa fengið ratsjá. Slíkt öryggistæki á hentugum stað á landi mundi þess vegna tvímælalaust vera mjög mikils virði fyrir sjómenn og siglingar um Ísafjarðardjúp.

Um það verður ekki deilt með rökum, að lélegir og daufir vitar eru stórhættulegir öryggi sjófarenda. Flutningsmenn vænta því, að tillögu þessari verði vel tekið og hrundið í framkvæmd hið bráðasta.